

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
b.t Kjartans Ingvarssonar  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 3. apríl 2020  
nr. erindis 202002130/0.6.0 HÖS

Á 757. fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 25. mars 2020 var tekið fyrir neðangreint erindi.

### **Samstarfssamningur um skipan heilbrigðisnefndar og nauðsynlegar breytingar á samþykkt um stjórn vegna efnis hans.**

Til umræðu voru breytingar á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar (seinni umræða) sem leiddu af samstarfssamningi um skipan heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis sem samþykktur var af hálfu Mosfellsbæjar á 754. fundi bæjarstjórnar. Samstarfssamningurinn fól m.a. í sér að Mosfellsbær fengi 3 af 5 fullrúum sveitarstjórna á eftirlitssvæðinu í sinn hlut í samræmi við hlutfallsskiptingu kostnaðar af rekstri heilbrigðiseftirlits.

Á 756. fundi var komið í ljós að samstarfssamningnum hafði verið hafnað í sveitarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar og hreppsnefnd Kjósarhrepps. Fyrri samþykkt bæjastjórnar Mosfellsbæjar á samstarfssamningnum var því orðin marklaus og ljóst að breytingar á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar gætu ekki átt sér stað. Umræðum um málið var frestað og það tekið til umræðu á ný á 757. fundi bæjarstjórnar.

Eftirfarandi tillögur voru teknar til atkvæða á 757. fundi bæjarstjórnar:

Tillögu að breytingum á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar hafnað með 9 atkvæðum að lokinni síðari umræðu.

Fram kom á 756. fundi bæjarstjórnar tillaga um að bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti að fela bæjarstjóra að gera ráðstafanir til að draga Mosfellsbæ úr samstarfi við Seltjarnarneskaupstað og Kjósarhrepp um starfrækslu heilbrigðiseftirlits. Þess verði farið á leit við ráðuneyti umhverfis og auðlindamála með vísan til heimildar í 4. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að eftirlitssvæði 10 (Kjósarsvæði) verði lagt niður í núverandi mynd. Mosfellsbær verði færður í eftirlitssvæði 9 (Hafnarfjarðar og Kópavogssvæði) eða gerðar verði aðrar breytingar á eftirlitssvæðum þannig að Mosfellsbær verði ekki lengur hluti af eftirlitssvæði 10.



Breytingartillaga L- Lista: Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögu um að Mosfellsbæjar dragi sig út úr samstarfi við Seltjarnarnesbæ og Kjósarhrepp um starfrækslu heilbrigðiseftirlits til bæjarráðs. Bæjarráði verði falið að fjalla um og kanna kosti og galla þess að Mosfellsbær ef til vinni dragi sig út úr núverandi samstarfi.

Breytingartillögunni var hafnað með 6 atkvæðum. Fulltrúar L-, M- og C- lista kusu með breytingartillögunni. Tillagan án breytinga samþykkt með 7 atkvæðum. Fulltrúar L- og M- lista sátu hjá.

Í samræmi við ofangreint er þess nú farið á leit við ráðuneyti umhverfis og auðlindamála, með vísan til heimildar í 4. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að kannaður verði möguleikinn á því að eftirlitssvæði 10 (Kjósarsvæði) verði lagt niður í núverandi mynd og kannaður verði möguleikinn á því að Mosfellsbær verði færður í eftirlitssvæði 9 (Hafnarfjarðar og Kópavogssvæði) eða gerðar verði aðrar breytingar á eftirlitssvæðum þannig að Mosfellsbær verði ekki lengur hluti af eftirlitssvæði 10.

Virðingarfyllst,

\_\_\_\_\_  
Heiðar Örn Stefánsson  
lögmaður Mosfellsbæjar

**Afrit sent:**

1. Sveitarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar
2. Hreppsnefnd Kjósarhrepps

